

## AUGLÝSING

um laun ríkisstarfsmanna, reglur um vinnutíma, yfirvinnugreiðslur o. fl. samkvæmt dómi Kjaradóms 30. nóvember 1965.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 1966.

1.

### Laun.

Ríkisstarfsmönnum skal skipað í launaflokka þannig:

#### 1. flokkur.

Nýliðar á skrifstofum og teiknistofum (reynslutími 3 mánuðir).

#### 2. flokkur.

Ósérhæfðir starfsmenn í iðnaði og iðju (reynslutími 3 mánuðir).

#### 3. flokkur.

Afgreiðslumenn á skrifstofum (spjaldskrárröðun o. fl.).

Enginn sé lengur en 1 ár samtals í þrem fyrstu flokkunum.

#### 4. flokkur.

Aðstoðarmenn við lyfjaafgreiðslu, aðstoðarmenn II við lyfjagerð, ritarar III (verði ritarar II eftir 1 ár, enda mæli forstöðumaður stofnunar með því), starfsmenn við iðjustörf.

#### 5. flokkur.

Aðstoðarmenn í vörugeymslum, miðasölumenn Þjóðleikhúss, ræstingamaður Þjóðleikhúss, saumakonur Þjóðleikhúss, símaverðir á skrifstofum (lítill skiptiborð, án teljandi aukastarfa), starfsmenn við erfið eða óhreinleg störf í iðju og á rannsóknarstofum (t. d. tóbaksgerð, flöskubvott, dauðhreinsun á umbúðum og áhöldum o. fl.), vinnumenn á ríkisbúum.

#### 6. flokkur.

Aðstoðarmenn I við lyfjagerð, bifreiðastjórar II, dyraverðir Ríkisútvarps, dyraverðir Þjóðleikhúss, innheimtumenn, næturverðir, sendimenn.

#### 7. flokkur.

Aðalátappari ÁTVR, aðstoðarmenn á sjúkrahúsum, blöndunarmaður ÁTVR, bréfberar, ritarar II (verzlunarskólapróf eða hliðstætt próf og þeir, sem nú eru ritarar II), sendimenn L. Í., símaverðir á skrifstofum og ríkisspítölum (stór skiptiborð), talsímakonur, teiknarar II, tækjagæzlumenn lóranstöðvar, Reynisfjalli, þvottamenn ríkisspítala.

#### 8. flokkur.

Aðstoðarþvottaráðskonur Landspítala, bifreiðastjórar I (mannflutningar, þunga- vöruflutningar, langferðir, áfengis-, tóbaks- og lyfjaflutningar, póstflutningar og bílstjórar ríkisspítala), bókarar II, flokkstjórar verkamanna, gæzlumenn á sjúkrahúsum (fávita- og geðveikrahælum), hljómplötuverðir (útvarp), hraðboðabréfberi, húsverðir, línumenn L. Í., póstaafgreiðslumenn II, talsímakonur við eftirlit með langlínuafgreiðslu, umsjónarmaður hjá Ríkisútvarpi, vélaverðir rafveitna, vélaverðir ríkisspítala, yfirbréfberar, yfirsendingmenn L. Í., þvottaráðskona Kristnesi.

#### 9. flokkur.

Aðstoðarflugumferðarstjórar (með bóklegt próf frá flugumferðarstjóra), eftirlitsmenn II á Löggingingarstofu, eftirlitsmaður vinnuvéla hjá flugmálastjórn, fjarritarar L. Í. og flugmálastjórnar, flokkstjóri línumanna, gjaldkerar III, ráðskona í matsal Landspítala, símavarðstjóri stjórnarráðs, sjókortasölumaður (vitamálastjórn), skeytaskrásetjarar,

sölumaður með fjárvörzlu, Viðtækja-verzlun ríkisins, sölumenn ÁTVR, tal-símakonur við utanlandsafgreiðslu, teng-ingamenn L. Í. (línumenn með sérþekk-ingu), umsjónarmaður bókasafns Klepp-spítala, umsjónarmaður köfunartækja (vitamálastjórn), varðstjórar langlínu-miðstöð, verkstjórar II (verkamanna).

### 10. flokkur.

Aðstoðarmenn á Veðurstofu og rann-sóknarstofum, aðstoðarráðskona Flóka-deild, aðstoðarsýningarstjóri Þjóðleik-húss, afgreiðslumenn ÁTVR, afgreiðslu-menn Frihafnar, afgreiðslumenn minja-gripaverzlana Ferðaskrifstofu ríkisins, bifreiðastjórar forsetaseturs og stjórnar-ráðs, birgðaverðir, flugvallarverðir, hárgreiðslumeistari Þjóðleikhúss, iðnaðar-menn, leiktjaldasmiðir og leiksviðsmenn Þjóðleikhúss, leikþulur Þjóðleikhúss (hvíslari), næturverðir L. Í. (talsímaaf-greiðsla og sjálfvirk miðstöð), póstað-stoðarmenn, ritarar I (ritarar, sem lokið hafa ritaprófi 1. stigs og þeir, sem nú eru ritarar I), teiknarar I, tækjaviðgerð-armenn L. Í., viðgerðarmenn lóranstöðva Reynisfjalli og Gufuskálum, viðgerðar-maður Veðurstofu, yfirsaukamaður á Kleppspítala, yfirvélaverðir ríkisspítala.

### 11. flokkur.

Birgðavörður flugmálastjórnar með sérþekkingu, birgðavörður L. Í. með sérþekkingu, bókarar I, bókavörður Iðnaðar-málastofnunar, brunaverðir Reykjavíkur-flugvallar, dóm- og skjalavörður Hæstaréttar, eftirlitsmenn I á Löggildingarstofu (iðnlærðir, svo og þeir, sem starfað hafa sem eftirlitsmenn í 6 ár), innheimtumenn Gjaldheimtu, loftskammtamenn, röntgen-myndarar, sakaskrárritari II, skjala- og bókaverðir á skrifstofum (með sérhæf-ingu), stöðvarverðir endurvarpsstöðva (Akureyri, Eiðar, Hornafjörður), stöðv-arverðir Vatnsenda (útvarp), stöðvar-stjórar II (Rafmagnsveitur ríkisins), toll-ritarar, varðstjórar Frihafnar, verðgæzlu-menn (eftirlitsmenn), yfirsaukamaður þvottahúss Landspítala, þjóðgarðsvörður.

### 12. flokkur.

Aðstoðarráðskona í Kristnesi, bakara-meistari Landspítala, birgðastjóri Lyfja-verzlunar, eftirlitsmaður II með filmum og segulböndum (sjónvarp), eftirlitsmenn með vinnveitingahúsum, flokkstjórar á leik-sviði Þjóðleikhúss, flugumferðarstjórar, forstöðukona saumastofu Þjóðleikhúss, framköllunarmaður sjónvarps, fulltrúar IV, gjaldkerar II, háloftaathugunarmenn, hárkollumeistari Þjóðleikhúss, hljóðtöku-menn sjónvarps, iðnaðarmenn (sjálfstæð störf), leikmunasmiðir Þjóðleikhúss, línu-verkstjórar L. Í. og Rafmagnsveitna ríkisins, ljósamaður sjónvarps, ljósmyndar-ar, magnaraverðir, matráðskonur Arnar-hvoli, Borgartún 7 og Tryggingastofnun ríkisins, myndatökumenn II hjá sjón-varpi, póstaafgreiðslumenn I, radióvirkjar flugmálastjórnar, sérhæfðir aðstoðar-menn II á rannsóknarstofum og við lyfja-gerð, sérhæfðir aðstoðarmenn á Veður-stofu, símrítarar, símvirkjar, sjó korta-gerðarmaður II, sjómælingamaður III, skattendurskoðendur II (endurskoðun almennra framtala), skipaefirlitsmenn, skiptimyntargjaldkeri hjá ríkisféhirði, skógtæknar, stöðvarstjórar pósts og síma VI, sölustjórar Menningarsjóðs og minja-gripaverzlana Ferðaskrifstofu ríkisins, tóþógraf (Landmælingar Íslands), um-sjónarmaður leikmuna Þjóðleikhúss, um-sjónarmaður spjaldgötunar á Skattstofu Reykjavíkur, umsjónarmaður bifreiða-varahluta L. Í., umsjónarmaður húseigna Vífilsstaðahælis og Kópavogshælis, verk-stjórar I (hafa ábyrgð á launagreiðslum og efni), yfirvarðstjórar langlínumiðstöð.

### 13. flokkur.

Aðstoðarmatráðskonur Vífilsstöðum og Kópavogi, aðstoðarslökkviliðsstjóri á Reykjavíkurflugvelli, barnakennarar án kennararéttinda, bifreiðaeftirlitsmenn, bifreiðaumsjónarmaður L. Í. (verkstjóri), bréfrítarar (ritarar, sem lokið hafa rit-araprófi II. stigs, enda sé leyfi fyrir stöðu bréfrítara hjá viðkomandi stofnun), fangaverðir og gæzlumenn á vinnuhæl-um, flokkstjórar iðnaðarmanna, flokk-stjórar símvirkja (aðstoðarverkstjórar),

forstöðukona upptökuheimilis Kópavogi, fóstrur á fæðingardeild Landspítalans, gæzlumaður Úlfarsá, gæzlusystur á fávitahælum (með prófi), ljósamenn Þjóðleikhúss, ljósmæður, lögregluþjónar, matráðskona Flókadeild, mælitækjaprófari (Rafmagnsveitur ríkisins), ráðskonur Breiðavík og Gunnarsholti, ráðskona Sementsverksmiðju ríkisins, rafveitustjórar III (rafgæzlumenn), stöðvarstjórar pósts og síma V, tollverðir, umsjónarmaður vita, umsjónarmenn lóranstöðvar Gufuskálum, útlendingaeftirlitsmenn, varðstjórar háloftsathugunarmanna, varðstjórar loftskæptamanna á Veðurstofu, varðstjórar símritara, varðstjórar slökkviliðs, yfirteiknarar, yfirtóþgraf.

#### 14. flokkur.

Birgðavörður Raforkumálastjórnar, bókavörður og blaðafulltrúi Þjóðleikhúss, efnisvörður Vitamálaskrifstofu, eftirlitsmaður með sérleyfisferðum, endurskoðendur hjá vegamálastjóra, fulltrúar III, gjaldkerar I, hafnamælingamaður, hamskeri í Náttúrfræðistofnun, hjúkr-unarkonur (-menn), húsmæðrakennarar án kennararéttinda, innkaupastjóri Skipaúngerðar ríkisins, lögregluþjónar með viðbótarprófi úr lögregluskóla, er dómsmálaráðherra metur gilt, miðasölustjóri Þjóðleikhúss, sakaskrárritari I, sérhæfðir aðstoðarmenn I á rannsóknarstofum og við lyfjagerð, símvirkjaverkstjórar, skattendurskoðendur I (endurskoðun fyrirtækja), skógarverðir, stöðvarstjórar endurvarpsstöðva (Akureyri, Eiðar, Hornafjörður), stöðvarstjórar pósts og síma IV, sýningarstjóri Þjóðleikhúss, sýsluskrifarar, umsjónarmaður myndagerðar Landsbókasafns, umsjónarmaður í radiódeild L. Í., umsjónarmenn húseigna Landspítala og Kleppspítala, umsjónarmenn með skýrslusöfnun og spjaldgötun (Hagstofa), umsjónarmenn símritunar í Reykjavík og Gufunesi, tollverðir með verzlunarskólaprófi eða hliðstæðri menntun, svo og þeir, sem staðizt hafa próf frá tollskóla, er fjármálaráðuneytið lætur halda, varðstjórar í talsambandi við útlönd, vatnamælingamaður (raforkumálastjórn), verkstjórar iðnað-

armanna, verzlunarstjóri minjagripaverzlana Ferðaskrifstofu ríkisins, yfir-linuverkstjórar L. Í., yfirvarðstjóri háloftaathugunarmanna.

#### 15. flokkur.

Aðalverkstjórar raforkumála, flugmála, ÁTVR, Skipaúngerðar og vitamála, hústjórar á ríkisbúum, eftirlits- og viðgerðarmaður röntgentækja Landspítala, flugumferðarstjórar II V. F. R. (að lokinni 4 ára þjálfun og tilskildum prófum), forstöðumaður bókbandsstofu Landsbókasafns, forstöðumaður teiknistofu Rafmagnsveitna ríkisins, forstöðumaður þvottahúss Landspítala, iðnfræðingar, kartógraf, laborantar á Landspítala, leiktjaldamálarar Þjóðleikhúss, ljósameistari sjónvarps, ljósameistari Þjóðleikhúss, myndatökumaður I hjá sjónvarpi, rafmagnseftirlitsmenn (rafmagnsdeild Vél-skóla), rafvirkjar (rafmagnsdeild Vél-skóla), sjúkortagerðarmaður I, sjómælingamaður II, skipaskráningarmaður, stöðvarstjórar pósts og síma III, stöðvarstjóri stuttbylgjustöðvar L. Í., Vatnsenda, teiknari sjónvarps, tækja- og áhaldasmíður Atvinnudeildar, umdæmisfulltrúar bifreiðaeftirlits, umsjónarmaður kirkjugarða, útsölustjórar ÁTVR utan Reykjavíkur, yfirumsjónarmaður í birgðageymslu pósts og síma, yfirumsjónarmaður lóranstöðvar Gufuskálum, yfirumsjónarmenn með línuáætlunum og framkvæmdum L. Í., yfirumsjónarmenn pósts á Akureyri, Ísafirði, Siglufirði, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum.

#### 16. flokkur.

Aðstoðarmatráðskonur Landspítala og Kleppi, aðstoðaryfirljósmóðir á fæðingar-deild Landspítala, barnakennarar, bólu-efnisstjóri að Keldum, byggingaeftrlitsmaður L. Í., byggingaeftrlitsmenn hjá húsameistara ríkisins, dagskrárstarfsmenn Ríkisútvarps, deildarstjóri loftskæptadeildar veðurstofu, deildarstjórar sýklarannsóknna, meinafræða- og vefjarannsóknna, félagsráðunautur, Flókadeild, forstöðumaður vinnuhælis á Kviabryggju héraðsdýralæknar V, leikmyndateiknari

Þjóðleikhúss (leiktjaldamálari), leiksviðsstjórar Þjóðleikhúss, matráðskona Kristneshæli, pósthvarðstjórar, ráðskona að Bessastöðum, radióeftirlitsmaður flugmála, sérlærðar hjúkrunarkonur (sérnám eitt ár), skipaskoðunarmenn, skrifstofustjórar III, slökkviliðsstjóri á Reykjavíkurflogvelli, sjúkráþjálfarar, sjúkrakennarar, stöðvarstjórar póst og síma II, stöðvarstjóri loftskystöðvar Reykjavík, stöðvarstjóri Vatnsenda (útvarp), sviðsstjóri sjónvarps, tækjafraeðingur Veðurstofu, umsjónarmaður línuframkvæmda, trésmiðaverkstæðis og bifreiðaverkstæðis L. Í., varðstjórar lögreglu, varðstjórar tollvarða (staðgenglar yfirtollvarða og sérstakir eftirlitsmenn, formaður á tollbát), vélaeftirlitsmaður (skipaskoðun ríkisins), vélstjórar (rafmagnsdeild Vélskóla), yfirfangavörður hegningarhúss í Reykjavík, yfirfiskmatsmenn, yfirgæzlumaður á Litla-Hrauni, yfirmatsmaður garðávaxta, yfirsím-virkjaverkstjórar, yfirumsjónarmaður talsambands við útlönd og langlínu-stöðvar, yfirumsjónarmenn símritunar í Reykjavík og Gufunesi, öryggiskoðunarmenn, þulir.

### 17. flokkur.

Aðalgjaldkerar, aðalendurskoðandi vegamálastjórnar, aðstoðarmaður við heilaritun, auglýsingastjórar útvarps og sjónvarps, barnakennarar með a. m. k. árs framhaldsnámi við kennaraháskóla eða öðru sambærilegu framhaldsnámi, hvoru tveggja að mati menntamálaráðuneytisins, blindrakennarar, búnaðarskólakennarar, deildarhjúkrunarkonur, eftirlitsmaður dísilstöðva á Austurlandi, flugumferðarstjórnar I. F. R. (aðalflugstjórn, innanlandsflugstjórn, úthafsflugstjórn, upplýsingaþjónusta, að lokinni 6 ára þjálfun og með tilskildum réttindum), forstöðukona Flókadeildar, forstöðumaður hlustendapjónustu Ríkisútvarps, forstöðumaður vistheimilis, Gunnars-holti, fulltrúar II, garðyrkjuskólakennarar, húsmæðrakennarar, kennarar við gagnfræðaskóla og iðnskóla, kennarar við heyrnleysingjaskóla, kennarar við Hjúkrunarskóla, kennarar við Matsveina-

og veitingaþjónaskóla, kennarar við Vélskóla og Stýrimannaskóla, héraðsdýralæknar IV, héraðslæknar V, innheimtustjóri hjá sakadómaraembætti, innheimtustjóri útvarps, matráðskona Landspítala, matráðskonur Vífilsstöðum og fávitahæli Kópavogi, mjólkureftirlitsmaður, ráðningarstjóri varnarmáladeildar, radióeftirlitsmaður L. Í., rafveitustjórar II (innanbæjarkerfi og/eða sveitaveitur), safnvörður Fræðslumyndasafns, sendiráðsritarar II og vararæðismenn, stöðvarstjórar I (Rafmagnsveitur ríkisins), stöðvarstjóri lóranstöðvar, Reynisfjalli, stöðvarstjóri, Rjúpnahæð, sölustjóri Landssmiðju, talkennarar, umdæmis- verkstjórar vegagerðar (aðalverkstjórar), vélaeftirlitsmaður Landhelgisgæzlu, vélaeftirlitsmaður Skipaútgerðar ríkisins, vélaumsjónarmaður vegagerðar, yfirfiskmatsmenn með sérþekkingu á skreið, saltfiski og freðfiski, yfirleikmyndateiknari Þjóðleikhúss (leiktjaldamálari), yfirtollverðir, yfirvarðstjóri lögreglu á Keflavíkurflogvelli, yfirmaður áhaldahúss vítamála.

### 18. flokkur.

Aðalbókarar, aðstoðarforstöðukonur stærstu sjúkrahúsa (yfir 200 rúm), birgðastjóri aðalfrimerkjavörzlu, birgðastjóri vegagerðar, byggingafræðingar, deildarstjórar bögglaþóststofu, tollþóststofu og söludeildar fyrir frimerkjasafnara, deildarstjórar L. Í. (radióteknideild, símateknideild, bæjarsíma, hagdeild og rekstrardeild), deildarstjórar tollgæzlu, deildarstjóri umferðamáladeildar póst og síma, deildarstjóri radióverkstæðis flugmála, eftirlitsmaður með prestsetrum, eftirlitsmaður með skólabyggingum, forstöðumaður Breiðavíkurhælis, forstöðumaður Löggildingarstofu, héraðsdýralæknar III, héraðslæknar IV, húsmæðrakennaraskólakennarar, innheimtugjaldkeri L. Í., íþróttakennarar menntaskóla og Kennaraskóla, íþróttakennaraskólakennarar, kennarar í tæknigreinum við Stýrimannaskóla og Vélskóla, kennarar við handavinnudeild Kennaraskóla, kennarar við Listiðnaðardeild Handiðaskóla, kennarar við kennaradeild Tón-

listarskóla, kennarar við gagnfræðaskóla, iðnskóla og aðra framhaldsskóla með BA prófi frá H. Í. eða öðru sambærilegu prófi, hvort tveggja að viðbættu prófi í uppeldisfræðum, er menntamálaráðuneytið metur gilt, svo og framhaldsskólakennarar, sem settir voru eða skipaðir fyrir 1. júní 1952, klippari sjónvarps, kvikmyndatökumaður sjónvarps, leikarar Þjóðleikhúss, læknaakadidatar (námskandidatar), skólastjórar barnaskóla (færri en 2 kennarar), stöðvarstjórar póst og síma I, stöðvarstjóri lóranstöðvar, Gufuskálum, tannlæknir Háskóla Íslands, upptökustjóri sjónvarps, vanvita-skólakennarar, varavarðstjórar flugumferðarstjóra, varðstjórar í aðflugstjórn, veiðistjóri, viðgerðarmaður handrita (Landsbókasafn), yfirhjúkrunarkonur á sérdeidum (röntgen, skurðstofu, blóðbanka o. fl.), yfirljósmóðir á fæðingardeild Landspítalans, yfirlögregluþjónn á Keflavíkurflugvelli.

### 19. flokkur.

Aðalgjaldkeri vegamálastjóra, skrifstofu ríkisspítala, Innkaupastofnunar ríkisins, ÁTVR og Landssmiðju, áfengisvarnarráðunautur ríkisins, afgreiðslustjóri Sjúkrasamlags Reykjavíkur, búnaðar- og garðyrkjuskólakennarar með prófi frá búnaðarháskóla eða samsvarandi prófi í aðalkennslugrein, birgðastjóri póst og síma, bókaverðir án háskólaprófs, Landsbókasafninu, dagskrárfulltrúar útvarps, deildarstjóri upplýsingadeildar flugmálastjórnar, forstöðukonur (yfirhjúkrunarkonur) á sjúkrahúsum með innan við 200 rúm, forstöðumaður bifreiðaeftirlits, forstöðumaður byggingaeftirlits, forstöðumaður fræðslumyndasafns, forstöðumaður gisti- og veitingastaðaeftirlitsins, forstöðumaður tæknideildar útvarps (stúdíóstjóri), forstöðumaður vinnuhælis að Litla-Hrauni, framkvæmdastjóri ferðamálaráðs, framkvæmdastjóri sauðfjárveikivarna, fríhafnarstjóri, héraðslæknar III, héraðsdýralæknar II, kennarar gagnfræðaskóla, iðnskóla og annarra framhaldsskóla, með cand. mag. prófi frá H. Í. eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugrein, kór-

stjóri og undirleikari Þjóðleikhúss, minjavörður án háskólaprófs, Þjóðminjasafn, símatæknifræðingar (3—4 ára tækninám), skólastjórar barnaskóla (2—5 kennarar), skólastjórar heimavistarbarnaskóla (færri en 2 kennarar), stöðvarstjóri póst og síma, Hafnarfirði, tónlistarfulltrúi útvarps, tæknifræðingar (3—4 ára tækninám), umsjónarmenn sjálfvirkra stöðva L. Í. (2 menn), umsjónarmaður útvarpsstöðva, útsölustjórar ÁTVR í Reykjavík, varðstjórar í flugstjórnarmiðstöð, yfirdeildarstjóri hjá radiótæknideild L. Í., símatæknideild og bæjarsíma Reykjavíkur, yfirmatráðskonur Landspítala og Kleppi.

### 20. flokkur.

Aðalbókarar vegamálastjóra, vita- og hafnamálastjóra, ÁTVR, skrifstofu ríkisspítalanna, Skipaútgerðar ríkisins, Innkaupstofnunar ríkisins og Landssmiðju, aðstoðarlæknar II, afgreiðslustjórar Tryggingastofnunar ríkisins, arkitektar II, bókafulltrúi, bókaverðir Landsbókasafns (hafi háskólapróf og sérmenntun á viðkomandi starfssviði), deildarstjóri ICAO (flugmálastjórn), deildartæknifræðingar, forstöðumaður Kristneshælis, fulltrúar I, fulltrúi fréttastjóra ríkisútvarps, héraðsdýralæknar I, héraðslæknar II, innkaupafulltrúi ÁTVR, innkaupa- og sölustjóri Innkaupastofnunar ríkisins, lyfjafræðingur Sjúkrasamlags Reykjavíkur, kennarar Menntaskóla, Kennarskóla og Tækniskóla, minjaverðir Þjóðminjasafns (hafi háskólapróf og sérmenntun á viðkomandi starfssviði), rafveitustjórar I, sendiráðsritarar I og ræðismenn, síldarmatsstjóri, sjómælingamaður I, skjalaverðir Þjóðskjalasafns (hafi háskólapróf og sérmenntun á viðkomandi starfssviði), skjalapýðandi Menntamálaráðuneytisins, skólastjórar barnaskóla (6—10 kennarar), skólastjórar gagnfræðaskóla og iðnskóla (1—5 kennarar), skólastjórar heimavistarbarnaskóla (2 kennarar eða fleiri), skólastjórar húsmæðraskóla, skólastjóri Matsveina- og veitingaþjónaskólans, skrifstofustjórar II, undirdeildarstjóri Raforkumálaskrifstofunnar, æviskráritari.

**21. flokkur.**

Aðalþóki tollstjórans í Reykjavík, aðalgjaldkeri tollstjórans í Reykjavík, aðalfulltrúi skipaskoðunarstjóra, tækni-menntaður, fimleikastjóri Háskóla Íslands, firmaskráritari, forstöðumaður fávítahælis í Kópavogi, forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns, framkvæmdastjóri Iðnfræðsluráðs, háskólamenntaðir fulltrúar, héraðslæknar I, leikarar Þjóðleikhúss, löggiltur endurskoðandi (ríkisendurskoðun), náttúrufræðingur hjá rannsóknarstofnun landbúnaðarins, póstmestari á Akureyri, sérfræðingur Handritastofnunar og Orðabókar Háskólans, skrifstofustjóri pósthöfnunar í Reykjavík, skólastjórar gagnfræðaskóla og iðnskóla (6—10 kennarar), sóknarprest, stöðvarstjóri pósts og síma, Vestmannaeyjum, stöðvarstjóri Gufunesi, söngmálastjóri, tilraunastjórari í landbúnaði (með háskólaprófi), umdæmistjórari L. Í. á Akureyri, Brú, Ísafirði, Seyðisfirði og Siglufirði, yfirflugumferðarstjóri Reykjavík (flugstjórnarmíðstöð), yfirflugumferðarstjóri á Keflavíkurflugvelli (aðflugsstjórn), yfirfyrirnefndar menntaskóla og Kennaraskóla, yfirmaður starfsmannadeildar pósts og síma, æskulýðsfulltrúi þjóðkirkju.

**22. flokkur.**

Aðalgjaldkerar pósts og síma og Tryggingastofnunar ríkisins, aðstoðarlæknar I, arkitektar I, biskupsritari, deildarstjóri birgðadeildar raforkumálastjóra, háskólamenntaðir fulltrúar, yfirborgardómara, yfirborgarfégeta, yfirsakadómara og saksóknara ríkisins, háskólamenntaðir sérfræðingar við rannsóknarstofnanir atvinnuveganna, skógrækt, Náttúrufræðistofnunina, Veðurstofu o. fl., íþróttafulltrúi, leiklistarstjóri útvarps, námsstjórar, póstmálafulltrúi, prófastar, skólastjórar barnaskóla (11—18 kennarar), skólastjóri Handiðaskólans (listiðnaðardeild), skólastjóri Húsmæðrakennaraskólans, skólastjóri Íþróttakennaraskólans, skólastjóri Tónlistarskólans (kennaradeild), tónlistarstjóri útvarps, verkfræðingar, yfirmaður skýrsludeildar pósts og síma, öryggis-efirlitsmaður (verkfræðingur).

**23. flokkur.**

Aðalþókarar pósts og síma og Tryggingastofnunar ríkisins, aðalendurskoðandi pósts og síma, aðalfulltrúar bæjarfógetanna á Akureyri, Hafnarfirði, Keflavík, Kópavogi og Vestmannaeyjum, lög-reglustjórana í Reykjavík og Keflavíkurflugvelli (einn við hvert embætti), dag-skrárstjórar útvarps og sjónvarps, deildarstjórar Náttúrufræðistofnunar, deildarstjórar á skattstofum, deildarstjórar Tryggingastofnunar ríkisins, deildarstjórar Veðurstofu, deildarstjóri byggingadeildar raforkumálastjórnar, deildarstjóri rekstrardeildar Rafmagnsveitna ríkisins, flugvallarstjórar Keflavík og Reykjavík, forstjóri Viðtækjaverzlunar ríkisins, forstöðukonur (yfirhjúkrunarkonur) sjúkrahúsa með yfir 200 rúm, forstöðumaður Landmælinga Íslands, forstöðumaður vatnamælinga hjá raforkumálastjóra, framkvæmdastjóri flugvalla utan Reykjavíkur og Keflavíkur, framkvæmdastjóri Húsnæðismálastofnunar ríkisins, framkvæmdastjóri loftferðaeftirlits, framkvæmdastjóri Menningarsjóðs, framkvæmdastjóri Ríkisútgáfu námsbóka, fréttastjóri útvarps, leikarar Þjóðleikhúss, póstmestari í Reykjavík, rit-símastjórinn í Reykjavík, sérmenntaðir efnafraðingar og lífeðlisfræðingar að Keldum, skólastjórar barnaskóla (19 kennarar o. fl.), skólastjórar búnaðarskóla og garðyrkjuskóla, skólastjórar gagnfræðaskóla og iðnskóla (11—18 kennarar), skólastjóri Heyrnleysingjaskólans, skólastjóri Hjúkrunarskólans, skrifstofustjórar I, skrifstofu- og sölustjóri ÁTVR, vígslubiskupar.

**24. flokkur.**

Aðstoðarlæknar berklavarna, aðstoðarlæknir tryggingayfirlæknis, bæjarsíma-stjóri í Reykjavík, deildarlæknar, deildarstjóri hjá ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra, deildarstjórar í Stjórnarráði, deildarstjórar hjá rannsóknarstofnunum atvinnuvega, deildarverkfræðingar, dósent í lyfjafræði lyfsala, forsetaritari, forstöðumaður Almanna- og Almanna-ferðaskrifstofu ríkisins, forstöðumaður

Listasafns ríkisins, framkvæmdastjóri Flugöryggisþjónustu, háskólaritari, landgræðslustjóri, landlæknisfulltrúi (læknir), ríkisféhirðir, sendiráðunautar, sérmenntaður dýralæknir að Keldum, sérmenntaðir læknar á rannsóknarstofum, skólastjórar héraðsgagnfræðaskóla, skólastjórar gagnfræðaskóla og iðnskóla (19 kennarar o. fl.), skólastjórar Stýri-mannaskóla og Vélskóla, verðlagsstjóri.

### 25. flokkur.

Aðstoðaryfirlæknir ríkisspítala og rannsóknarstofu Háskólans, eftirlitsmaður með fjármálum skóla, fiskmatsstjóri, forstjóri Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg, framkvæmdastjóri sjónvarps, hæstaréttarritari, landnámsstjóri, leikarar Þjóðleikhússins (3 menn), skattstjórar utan Reykjavíkur, skrifstofustjórar Tryggingastofnunar ríkisins, ríkisskattstjóra, skattstjórans í Reykjavík, raforkumálastjóra og tollstjórans í Reykjavík, sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjórar, trúnaðarlæknir Sjúkrasamlags Reykjavíkur, veiðimálastjóri, yfirverkfræðingar.

### 26. flokkur.

Aðalfulltrúi saksóknara ríkisins, berklayfirlæknir, borgardómarar, borgarfógetar, forstjórar hag-, rekstrar- og tæknideilda pósts og síma, forstjóri ÁTVR, forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins, forstjóri Landhelgisgæzlu, forstjóri Landssmiðju, forstjóri Sementsverksmiðju ríkisins, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, forstjórar rannsóknarstofnana atvinnuveganna, forstöðumaður Blóðbanka, forstöðumaður Handritastofnunar, forstöðumaður Náttúrufræðistofnunarinnar, forstöðumaður Orðabókar Háskólans, forstöðumaður Tilraunastöðvar að Keld-

um, framkvæmdastjóri Iðnaðarmálastofnunar, framkvæmdastjóri Rannsóknarráðs, framkvæmdastjóri ríkisspítalanna, framkvæmdastjóri Sjúkrasamlags Reykjavíkur, Háskólabókavörður, héraðslæknir á Akureyri, landsbókavörður, lyfsölustjóri, prófessorar, rafmagnseftirlitsstjóri, rafmagnsveitustjóri, rannsóknarlæknir að Keldum, rektorar og skólameistarar menntaskóla, sakadómarar, ríkisbókari, skattrannsóknarstjóri, skattstjórinn í Reykjavík, skipaskoðunar- og skipaskráningarstjóri, skógræktarstjóri, skólastjóri Kennaraskóla Íslands, skólastjóri Tækniskólans, skólayfirlæknir, tollgæzlustjóri, tryggingayfirlæknir, yfirdýralæknir, yfirlæknar ríkisspítala og Rannsóknarstofu Háskólans, yfirlæknir fávita-hælis í Kópavogi, þjóðminjavörður, þjóðskjalavörður, öryggismálastjóri.

### 27. flokkur.

Flugmálastjóri, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, fræðslumálastjóri, húsameistari ríkisins, raforkumálastjóri, skipulagsstjóri ríkisins, tollstjórinn í Reykjavík, útvarpsstjóri, yfirborgarfógetinn í Reykjavík, veðurstofustjóri, vegamálastjóri, vita- og hafnamálastjóri, þjóðleikhússtjóri.

### 28. flokkur.

Biskup, hagstofustjóri, landlæknir, lög-reglustjórinn í Reykjavík, póst- og síma-málastjóri, ráðuneytissjórar, rektor Háskólans, ríkisendurskoðandi, ríkisskattstjóri, sendiherrar, yfirborgardómari, yfirsakadómari.

---

Skólastjórar barnaskóla, sem hafa jafnframt gagnfræðadeildir, skulu taka sömu laun og skólastjórar gagnfræðaskóla miðað við samanlagðan kennarafjölda.

**Mánaðarlaun (grunnlaun) í hverjum launaflokki skulu vera þessi:**

	Byrjunarlaun kr.	1 ár kr.	3 ár kr.	Laun eftir 6 ár kr.	10 ár kr.	15 ár kr.
1. launaflokkur	5 695					
2. —	5 931					
3. —	6 193					
4. —	6 441	6 797	7 069	7 354	7 652	7 960
5. —	6 702	7 069	7 354	7 652	7 960	8 268
6. —	6 975	7 354	7 652	7 960	8 268	8 601
7. —	7 248	7 652	7 960	8 268	8 601	8 945
8. —	7 545	7 841	8 149	8 482	8 814	9 170
9. —	7 841	8 149	8 482	8 814	9 170	9 538
10. —	8 149	8 482	8 814	9 170	9 538	9 917
11. —	8 482	8 814	9 170	9 538	9 917	10 320
12. —	8 814	9 170	9 538	9 917	10 320	10 724
13. —	9 170	9 538	9 917	10 320	10 724	11 162
14. —	9 538	9 917	10 320	10 724	11 162	11 601
15. —	9 917	10 320	10 724	11 162	11 601	12 064
16. —	10 320	10 724	11 162	11 601	12 064	12 550
17. —	10 724	11 162	11 601	12 064	12 550	13 049
18. —	11 162	11 601	12 064	12 550	13 049	13 571
19. —	11 779	12 419	13 108	13 832	14 591	
20. —	12 419	13 108	13 832	14 591	15 397	
21. —	13 108	13 832	14 591	15 397	16 240	
22. —	14 591	15 397	16 240	17 130	18 079	
23. —	16 240		17 130	18 079	19 063	
24. —	17 130		18 079	19 063	20 118	
25. —	18 079		19 063	20 118	21 222	
26. —	20 118					
27. —	22 384					
28. —	23 618					

**II.**

Eftirfarandi reglur skulu gilda um vinnutíma ríkisstarfsmanna, yfirvinnu, yfirvinnukaup og önnur kjör, er hér skipta máli.

**1. gr.**

Vikulegur starfstími starfsmanna ríkisins, sem hin föstu laun eru greidd fyrir, skal vera sem hér segir:

**A. 44 stundir.**

Verkstjórar og verkamenn, starfsmenn á ríkisbúum, ráðsmenn og ráðskonur, fólk við eldhússtörf, bifreiðastjórar, línumenn og línuverkstjórar, lögreglumenn, fangaverðir, tollverðir, slökkviliðsmenn, hjúkrunarfólk, aðstoðarfólk við hjúkrun, starfsmenn á verkstæðum, við birgðavörzlu, vöruafgreiðslu, iðnað og iðjustörf, vélgæzlu og önnur hliðstæð störf.

**B. 38 stundir.**

Starfsmenn á skrifstofum, teiknistofum, rannsóknarstofum, eftirlitsstofnunum, söfnum, lögregluþjónar og tollverðir, sem eingöngu vinna regluleg skrifstofustörf, svo og aðrir, sem hliðstæð störf stunda.

**C. 36 stundir.**



Sjúkrahúslæknar, sjúkraþjálfarar, starfsfólk við röntgen eða geislavirk efni. Enn fremur eftirtaldir starfsmenn, er vinna á reglubundnum vinnuvökum: Talsímamenn, símrítarar, loftskammtamenn, veðurfræðingar, flugumferðarstjórar og aðrir, er hliðstæð störf stunda.

#### D. Kennarar:

1. Barnaskólakennarar: allt að 36 kennslustundir, er fækki í 30 stundir á því skólaári, sem kennari verður 55 ára og í 24 stundir, þegar hann verður sextugur. Lengd hvorrar kennslustundar skal vera 40 mínútur.

2. Gagnfræðaskólakennarar, húsmæðraskólakennarar, iðnskólakennarar: allt að 30 kennslustundir, er fækki í 25 stundir, er kennari verður 55 ára og 20 stundir, þegar hann verður sextugur. Lengd kennslustundar skal vera 45 mínútur.

3. Menntaskólakennarar, tækniskólakennarar, kennaraskólakennarar, kennarar sérgreinaskóla fyrir kennaraefni, stýrimanna- og vélskólakennarar. 24—27 kennslustundir, er fækki í 22 stundir, er kennari verður 55 ára og 17 stundir, er kennari verður sextugur. Lengd hvorrar kennslustundar skal vera 45 mínútur.

Kennsluskylda söngkennara og tónlistarkennara í barnaskólum og gagnfræðaskólum og kennara afbrigðilegra og vangefinna barna, sbr. 6. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, skal vera  $\frac{4}{5}$  af kennsluskyldu almennra kennara.

Kennsluskylda annarra kennara, svo og skólastjóra, haldist óbreytt frá því, sem nú er.

Sé hver kennslustund lengri eða skemmri en hér er fram tekið, skal vikuleg kennsluskylda breytast í hlutfalli við það.

Kennurum er skylt að hafa umsjón með nemendum í stundahléum eftir nánari ákvörðun skólastjóra og kennarafundar.

#### 2. gr.

Um daglegan vinnutíma skulu gilda þessi ákvæði:

1. 44 stunda vinnuvika skal unnin á tímanum frá kl. 8.00 til kl. 12.00 og kl. 13.00 til kl. 17.00 alla virka daga, nema laugardaga, þá kl. 8.00 til kl. 12.00.

2. 38 stunda vinnuvika skal unnin á tímanum frá kl. 9.00 til kl. 12.00 og kl. 13.00 til kl. 17.00 alla virka daga, nema laugardaga, þá kl. 9.00 til kl. 12.

3. 36 stunda vinnuvika og skemmri skal unnin á tímanum frá kl. 8.00 til kl. 12.00 og kl. 13.00 til kl. 17.00 alla virka daga, nema laugardaga, þá kl. 8.00 til kl. 12.00.

Um það, hvenær starfstími hefjist, skal ákveðið í samráði við starfsmennina með samþykki viðkomandi starfsmannafélags.

Heimilt er að haga vinnudegi með öðrum hætti en að framan greinir, ef allir eru um það sammála.

Á tímabilinu frá 15. maí til 30. september ár hvert er heimilt, með samkomulagi forstöðumanna hlutaðeigandi stofnana og starfsmanna, að fella vinnu niður á laugardögum, enda lengist þá vinnutími í staðinn um eina klst. á mánudögum allt árið.

#### 3. gr.

Eigi skulu ákvæði þau, er að framan getur, valda því, að daglegur vinnutími nokkurs starfsmanns lengist frá því, sem nú er.

Þær starfsstéttir og starfsmenn, sem ákvæði 1. og 2. gr. taka ekki til, skulu halda þeim vinnutíma, sem verið hefur hingað til.

#### 4. gr.

Vinnutími starfsmanna skal vera samfelldur eftir því, sem við verður komið vegna eðlis starfsins. Verði eyða í daglegum, samfelldum starfstíma kennara, skal

greiða fyrir hverja kennslustund í slíkri eyðu, laun, er nemi  $\frac{1}{4}$  hluta dagvinnukaups samkv. 8. gr.

Breytingar og frávik frá þeim vinnutíma, sem hér er ákveðinn, skulu því aðeins gerð, að samþykki viðkomandi starfsmannafélags eða B.S.R.B. liggi fyrir.

#### 5. gr.

Matartími skal, eftir því sem við verður komið, vera frá kl. 12.00 til kl. 13.00 og telst hann eigi til vinnutíma.

Sé unnin yfirvinna skulu vera matartímar kl. 19.00 til kl. 20.00 og kl. 3.00 til kl. 4.00, og teljast þeir til vinnutímans, enda sé vinnu haldið áfram eftir matartímann eða hluti af honum unninn.

Kaffitímar teljast til venjulegs vinnutíma, og skulu þeir hjá þeim, er hafa 44 stunda vinnuviku, vera tvisvar á dag miðað við venjulegan vinnutíma, 20 mínútur í hvert sinn, þó eigi nema einu sinni á laugardögum.

Hjá þeim, er skemmri vinnuviku hafa, er á hinum fasta daglega vinnutíma einn kaffitími, 20 mínútur, þó ekki á laugardögum.

Í næturvinnu og helgidagavinnu skulu kaffitímar vera í sama hlutfalli og á hinum daglega vinnutíma.

Þeir, sem vinna á reglubundnum vinnuvökum, skulu ekki fá sérstaka matar- eða kaffitíma, nema tíðkamt hafi til þessa.

Heimilt er að fella niður kaffitíma og breyta matartíma með samkomulagi fyrirsvarsmanns stofnunar og starfsmanna, enda sé slíkt samþykkt af viðkomandi starfsmannafélagi.

#### 6. gr.

Frídagar eru allir helgidagar Þjóðkirkjunnar, sumardagurinn fyrsti og 17. júní. Enn fremur aðfangadagur jóla og gamlársdagur frá kl. 13.00 beri þá upp á virkan dag, svo og eftirtaldir dagar með sama hætti og tíðkamt hefur: 1. maí, fyrsti mánudagur í ágúst, 1. desember og laugardagur fyrir páska.

#### 7. gr.

Yfirvinna telst hver sú vinna, sem fer fram yfir tilskilinn dagvinnutíma eða vinnuvöku. Skiptist hún í eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu.

Til eftirvinnu teljast tvær fyrstu klukkustundirnar, eftir að tilskildum dagvinnutíma eða vökutíma lýkur, þó ekki á tímabilinu frá kl. 19.00 til kl. 8.00 og auk þess vinna, sem innt er af hendi á dagvinnutíma umfram vikulega vinnutíma-skyldu. Vinnuvökumenn skulu þó ekki vinna fleiri en 10 klst á viku hverri í eftirvinnu.

Næturvinna telst frá kl. 19.00 eða frá lokum eftirvinnutímabils, ef fyrr er, til byrjunar næsta dagvinnutímabils.

Helgidagavinna telst sú vinna, sem unnin er frá lokum eftirvinnutímabils á föstudegi sé felld niður vinna á laugardögum, sbr. síðustu málsgrein 2. gr. eða frá lokum dagvinnutímabils á laugardegi til upphafs vikulegs dagvinnutíma á mánudegi, svo og á öllum frídögum, sem um getur hér að framan (sbr. 6. gr.).

#### 8. gr.

Yfirvinnu skal greiða með álagi á venjulegt dagvinnutímakaup.

Eftirvinnu svo og matartíma á tímabilinu frá kl. 8.00 til kl. 19.00, ef unnir eru, skal greiða með 50% álagi miðað við dagvinnukaup, en unnir nætur- og helgidagatímar með 90% álagi miðað við dagvinnukaup.

Dagvinnukaup hvers starfsmanns skal fundið með því að deila með tölunni 150 í föstu mánaðarlaun viðkomandi launaflokks miðað við 6 ára starfsaldur.

Öll yfirvinna skal greidd eftir á í einu lagi fyrir hvern mánuð.

Þegar starfsmaður er kallaður til vinnu, sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, skal greitt yfirvinnukaup í að minnsta kosti tvær klukkustundir, nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan tveggja klukkustunda, frá því hann fór til vinnu.

Hafi maður unnið að minnsta kosti 6 klukkustundir í næturvinnu, og haldið áfram vinnu innan sex klukkustunda á föstum venjulegum vinnutíma sínum, ber honum næturvinnuálag fyrir þann tíma.

#### 9. gr.

Skylt er starfsmanni að vinna yfirvinnu, sem yfirmaður hans telur nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, öðrum en þeim, sem gegnir öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungu af tilskildum, vikulegum vinnutíma. Yfirvinnuskylda póstmanna haldist þó óbreytt frá því, sem nú er.

#### 10. gr.

Þar, sem unnið er á reglubundnum vinnuvökum, skal varðskrá, er sýni vinnutíma hvers starfsmanns, samin fyrirfram fyrir a. m. k. einn mánuð í senn.

Við samningu varðskrár skal þess gætt, að helgidagavinna skiptist sem jafnast á starfsmenn.

#### 11. gr.

Hámarkslengd hverrar vinnuvöku skal vera 9 klukkustundir, og skulu þá líða minnst 9 klukkustundir til næstu vinnuvöku. Núgildandi sérreglur um vinnuvökur skulu haldast óbreyttar.

Þeir, sem vinna á reglubundnum vinnuvökum, skulu fá 33% álag á þann hluta launa, sem greiddur er fyrir unnin störf á þeim tíma, er fellur utan venjulegs dagvinnutíma. Við útreikning á álagi þessu skal miða við föst mánaðarlaun í viðkomandi launaflokki miðað við 6 ára starfsaldur og deila í mánaðarlaunin með 150 til að finna dagvinnutímakaupið.

Þeir, sem vinna vinnuvökur á sunnudögum, eiga rétt á leyfi í sömu viku, þannig að næturfrí komi jafnan fyrir og eftir frídaginn eða eigi minna en 36 klukkustundir samfleytt.

Þeir, sem vinna á reglubundnum vinnuvökum skulu, miðað við árs starf, fá 12 samfellda frídaga og greiðslu er samsvari 6 daga dagvinnukaupi hlutaðeigandi starfsmanns. Umrædda aukafrídaga má, er þörf krefur, veita á öðrum tíma en hinum venjulega orlofstíma. Njóti starfsmenn nú betri kjara haldast þau.

#### 12. gr.

Fyrir hverjar þrjár klukkustundir á gæzluvakt komi einnar klukkustundar frí eða greiðsla, er þeim tíma nemur, miðað við dagvinnukaup.

Sé starfsmaður á gæzluvakt kallaður til starfa, fær hann greitt yfirvinnukaup fyrir þann tíma.

#### 13. gr.

Árslaun kennara skulu miðuð við 9 mánaða kennslutíma, en lækka um 1/2 heildarárslauna fyrir hvern mánuð, sem kennslutíminn er skemmri.

Laun skólastjóra og kennara við gagnfræðaskóla og aðra framhaldsskóla og skólastjóra barnaskóla, sem starfa í

8 mánuði, skal miða við 9 mánaða starf,

7 mánuði, skal miða við 8 mánaða starf, og

6 mánuði, skal miða við 7 mánaða starf.

Eigi skal þessi lenging tímans, sem laun eru miðuð við, hafa áhrif á daglega eða vikulega kennsluskyldu kennara frá því, sem nú er, en tilkall á skólinn til starfa kennara fyrir og eftir hinn árlega, reglulega kennslutíma, sem þessari lengingu tímans nemur, ef þörf krefur.

Sé árlegur starfstími skóla styttri en 6 mánuðir, skulu laun vera hlutfallslega miðuð við 6 mánaða skóla.

#### 14. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður í samráði við fjármálaráðuneytið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sérstaka þóknun þeim skólastjórum, sem hafa á hendi stjórn í tví- eða þrískipuðum skólum.

#### 15. gr.

Ríkisstarfsmenn, aðrir en þeir, sem um getur í 2. málgrein, eiga rétt til greiðslu þóknunar fyrir yfirvinnu, hafi hlutaðeigandi yfirmaður sérstaklega óskað þess, að sú vinna yrði af hendi leyst.

Forstöðumenn stofnana eiga ekki rétt á yfirvinnugreiðslu samkvæmt 1. málsgrein. Þurfi þeir þó að vinna verulega yfirvinnu vegna embættisanna, er heimilt að greiða þeim sérstaka þóknun til viðbótar mánaðarlaunum þeirra. Slíka greiðslu ákveður fjármálaráðuneytið með samkomulagi við viðkomandi starfsmenn og vitund Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

#### 16. gr.

Við ákvörðun aldurshækkana skal starfsaldur hjá þeim, sem skipta um störf hjá ríkinu, reiknast þannig:

Þegar um er að ræða sams konar starf, skylt starf eða starf innan sömu ríkisstofnunar, telst starfsaldur frá þeim tíma, er hlutaðeigandi ríkisstarfsmaður hóf störf í hinni fyrri stöðu.

Fari ríkisstarfsmaður í starf, óskylt hinu fyrra, gildir fyrri starfsaldur hjá ríkinu í hinu nýja starfi allt að sex árum. Hafi maðurinn starfað hjá ríkinu lengur, þá taki hann laun í hinu nýja starfi miðað við sex árs starfsaldur. Fari starfsmaðurinn í betur launaða stöðu, skulu laun hans í nýju stöðunni aldrei vera lægri en í hinu eldra starfi.

Nú tekur maður verr launaða stöðu, en hann hafði áður, þá gildir fyrri starfsaldur, hvort sem um skylt eða óskylt starf er að ræða.

Framangreind ákvæði gildi einnig um þá, sem ráðast til starfa hjá ríkinu, en hafa áður starfað í þjónustu sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana.

Taka skal tillit til sambærilegra eða skyldra starfa hjá öðrum en ríkinu á þann hátt, að fyrri starfsaldur gildi að fullu allt að fimm árum, en að hálfu næstu 10 ár.

*Fjármálaráðuneytið, 1. desember 1965.*